

Möguleikar og markmið Þú getur hjálpað!

Margir karlar ná góðum árangri

Tölfræðin sýnir að um 90% þeirra sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli lifa í 5 ár, um 80% lifa lengur en í 10 ár og það deyja aðeins um 4% þeirra sem greinast úr þessu krabbameini.

Markmið félagsins

Markmiðið hjá Krabbameinsfélaginu Framför er að skapa öflugt samfélag karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra maka. Stuðla að fræðslu og þekkingu um leiðir og valkosti til að takast á við þetta krabbamein með það að markmiði að að efla lífsgæði karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli.



Styrktarvinir fjármagna starfsemina

Þú getur haft áhrif á lífsgæði karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli með því að gerast styrktarvinur.

Krabbameinsfélagið Framför er eingöngu rekið með sjálfsafta- fé og framlögum styrktaraðila. Mánaðarlegur stuðningur styrktarvina er forsenda þess að félagið geti veitt körlum með krabbamein í blöðruhálskirtli fræðslu, stuðning, þjónustu og sinnt þeirra hagsmunabaráttu.

Þú gerist styrktarvinur á www.framfor.is

Félag karlanna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Stofnun, tilgangur og erlent samstarf

Félagið stofnað 2007

Krabbameinsfélagið Framför var stofnað 12. febrúar 2007 sem styrktarfélag. Aðal hvatamaður að stofnun félagsins var Oddur Benediktsson. Félagið var endureyst 2019 fyrir forgöngu stuðningshópsins Frískir menn og breytt í stuðnings- og hagsmunafélag.

Framför starfar á landsvísi sem sjálfstætt áhugamannafélag. Tilgangur félagsins er að styðja karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandendur.

Erlendir samstarfsaðilar

Framför er aðili að Evrópusamtökum blöðruhálskirtilsgreindra karla Europa UOMO <https://www.europa-uomo.org/>.

Framför er aðili að Active Surveillance Patients International alþjóðlegum samtökum karla í Virku eftirliti á krabbameini í blöðruhálskirtli.



Framför er
í samstarfi við Ljósíð
endurhæfingar-
og stuðningsmiðstöð



Framför er
í samstarfi við Félag
þvafæraskurðlækna
á Íslandi



Krabbameinsfélagið
Framför er
eitt af aðildarfélögum
Krabbameinsfélags
Íslands

Félag karlanna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is



Krabbameinsfélagið Framför
félag karla með krabbamein
í blöðruhálskirtli

Nánari upplýsingar á
www.framfor.is

Félag karlanna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Stuðningshópar fyrir karla með krabbamein og þeirra maka



Blöðruhálsar

Blöðruhálsar er stuðningshópur fyrir karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og farið í meðferð við því. Markmiðið er að skapa grunn að góðum lífsgæðum í og eftir meðferð og fræðslu um hvernig best er að takast á við lífið með þeim verkefnum sem þá koma.

Frískir menn

Frískir menn er stuðningshópur fyrir karla sem greinast með blöðruhálskirtilskrabbamein og hafa möguleika á að vera í virku eftirliti. Þessi hópur hittist reglulega þar sem boðið er upp á fræðslu um nýjustu rannsóknir og vísindalega þróun í meðferðum (nánar á www.framforiheilsu.is)

Traustir makar

Stuðningshópurinn Traustir makar er fyrir aðstandendur karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Í þessum stuðningshópi er boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða, vinnustofur og fræðslu fyrir maka og aðra aðstandendur. Þarna skapast líka tækifæri til að miðla reynslu um hvernig best er að takast á við það þegar maki greinist með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Upplýsingar, ráðgjöf og jafningjastuðningur



Upplýsingar og aðstoð

Hjá Krabbameinsfélaginu Framför getur þú fengið upplýsingar um þá þjónustu sem þér stendur til boða við greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli, í virku eftirliti, í meðferð eða eftir meðferð. Einnig upplýsingar og fræðslu fyrir þína aðstandendur varðandi þitt krabbamein. Þú getur pantað tíma fyrir ráðgjöf í síma 8435565 eða með tölvupósti á framfor@framfor.is.

Ráðgjöf við greiningu

Það getur verið mjög erfitt að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og þá getur verið gott að ræða málin við aðra sem hafa upplifað þetta. Þú getur líka fengið aðstoð við að ná jafnvægi við þessar breyttu aðstæður í lífinu.

Okkar þjónusta felst í ráðgjöf, viðtölum og að veita aðgang að upplýsingum til að velja meðferðir í samstarfi við Félag þvagfæraskurðlækna á vefsíðunni www.framforiheilsu.is

- Þú getur komið í viðtal.
- Þú getur fengið samtal í síma.
- Þú getur fengið viðtal í gegnum netið.
- Þú getur fengið aðgang að faglegum upplýsingum.

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Samfélagið hjá Framför, markþjálfun og endurhæfing



Hellirinn - samfélagið hjá Framför

Hellirinn hjá Krabbameinsfélaginu Framför er öflugt félagslegt samfélag fyrir þá sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur. Stefnt er því að vera með léttar göngur, veiðihóp, golfhóp, fótboltahóp og fleira. Það er líka upplagt að kíkja við í kaffi og taka spjall.

Markþjálfun

Markþjálfun er aðferðafræði sem byggð er á samtölum til að finna hvernig takast á við að greinast með krabbamein og aðstoð við að móta framtíðina eftir meðferð. Markþjálfari aðstoðar þig við að greina stöðuna, setja niður markmið, gera aðgerðaráætlun, hvetja þig á leiðinni og hjálpa þér við að ná meiri framförum í lífinu.

Endurhæfing eftir meðferð

Krabbameinsfélagið Framför er í samstarfi við Ljósíð um sérhæft umhverfi í endurhæfingu fyrsta árið eftir meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli.

Eftir fyrsta árið tekur við samfélagsumhverfi hjá Framför sem ætlað er að skapa körlum sem hafa farið í meðferð og þeirra mökum bestu fánlegu lífsgæði.

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Hverafold 1-3, 112 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is